

Mál 21/2019

Miðvikudaginn 16. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 21/2019

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (Hundaræktarfélags Íslands) sem barst siðanefnd 27.6.2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði hafi gerst brotlegur við reglugerð um ættbókarskráningu þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 6.11.2018 hafi komið í ljós að tík A var ekki með gilt augnvottorð við pörun með rakka B. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 7.8.2019 og honum gefinn 4 vikna andmælafrestur. Kærði svaraði ekki efnislega. Ítrekun var send 11.9.2019 og gefinn var viku viðbótarfrestur en ekki barst svar. Öll vottorð og niðurstöður (eftirá tekin) voru tekin gild og hafa öll afkvæmi verið ættbókarfærð. Ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 6.11.2018 hafi komið í ljós að tík A var ekki með gilt augnvottorð við pörun með rakka B en skv. reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ þarf slíkt að vera til staðar. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Rakkinn er af kyninu dvergschnauzer og er í eigu kærða.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla X. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina: dvergshnauzer

Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir við pörun en slík vottorð eru gögn sem eru áskilin um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að þau liggi fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóma. Ræktendum ber skylda til þess að kynna sér viðeigandi ræktunarreglur félagsins fyrir pörun. Það breytir ekki brotinu að hundurinn hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrirséð og telst kærði því vera brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

IV. Niðurstaða

Kærði X telst hafa gerst brotlegur gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur.

F.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir